

64. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 17. nóvember 2021, kl. 13:00 á netinu.

Mættir: Edward Huijbens formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Katrín Freysdóttir, Ásgeir Logi Ásgeirsson, Rósa Jónsdóttir, Sara Sigurbjörnsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari.

Dagskrá

1. Skólanámskrá eftir skólafund

Skólameistari og aðstoðarskólameistari fóru yfir helstu þætti frá skólafundum með dagskólanemum og fjarnemum. Fundurinn með fjarnemum var sá fyrsti sem var haldinn og heppnaðist ágætlega. Hann var tekinn upp og gerður aðgengilegur fyrir aðra fjarnema og starfsmenn. Á skólafundum staðnema var m.a. rætt um félagsaðstöðu nemenda og þá í kjölfar ytra mats. Skólameistari ræddi einnig um ytra matið í samhengi við þetta. Fjarnemar gátu á sínum fundum komið á framfæri hverju því sem á þeim hvíldi varðandi skólann og námið.

2. Starfa- og fjárhagsáætlun

Skólameistari og fjármálastjóri fóru yfir stöðuna í fjárhagsáætlunarmálum. Fjárlög liggja ekki fyrir og því hefur fjárhagsáætlun ekki verið lokið.

3. Starfsmannamál - auglýsingar

Skólameistari upplýsti að náms- og starfsráðgjafi hefði sagt starfi sínu lausu og starfið því auglýst. Aðrar breytingar eru ekki í farvatninu.

4. Tengsl við félagslíf

Skólameistari sagði frá því að ekki hefði verið mikið um tengsl við félagslíf vegna aðstæðna. Nú hefur aftur verið byrjað á erlendum samstarfsverkefnum og nemendur hafa farið í þrjár ferðir. Ekki er alveg ljóst hvernig fer með framhaldið.

5. Fjármál - staða

Sjá lið 2.

6. Tröllaskagasetur

Skólameistari gerði grein fyrir hugmynd sem hún hefur sett fram að svokölluðu Tröllaskagasetri. Hugmyndin snýst um að í húsnæði Menntaskólans á Tröllaskaga verði komið upp eins konar lærdómssamfélagi. Tilgangurinn er að víkka sjóndeildarhring starfsfólks og nemenda. Þar geti aðilar úr samfélaginu fengið aðstöðu til vinnu og um leið átt samskipti við starfsfólk skólans. Fjarvinnuhættir væru þróaðir með þessu verkefni, bæði með fjarvinnu héðan og hingað. Með þessu er skólinn opnaður og tengist samfélaginu. Unnið er út frá einkunnarorðum skólans; frumkvæði, sköpun og áræði. Búið er að sækja um í uppbyggingarsjóð SSNE fyrir verkefnastjórn í þessu verkefni sem er hugsað sem tilraunaverkefni til eins árs. Samkomulag hefur einnig verið gert við Félagsbústaði í Reykjavík en starfsmaður þeirra hefur vinnuaðstöðu hér til prufu. Aðrir skólar í Samnor hafa lýst áhuga á að gera eitthvað svipað hjá sér og eiga aðild að umsókninni til SSNE.

Umræður urðu um hugmyndina og möguleika sem hún býður upp á. Formaður nefndi að ef styrkurinn fæst frá SSNE og verkefnastjóri kæmi til starfa væri áhugavert að fá kynningu á því á næsta fundi í janúar.

7. Önnur mál

Engin önnur mál

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:50.